



LEIÐARVÍSIR

E20

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR


Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28.

Rafmagnstenging

Rafmagnsspennan verður að vera sú sama og gefin er upp á kennispjaldinu.

Öryggisatriði

- Þessi saumavél er ekki ætluð til notkunar þeirra (börn þar með talin) sem eru líkamlega eða andlega skert eða með skerta skynjun, eða sem hafa ekki til þess kunnáttu eða reynslu, nema að þau hafi fengið leiðbeiningar og kennslu um notkun saumavélarinnar hjá aðila sem er ábyrgur fyrir öryggi þeirra.
- Hafa ætti eftirlit með börnum til að tryggja að þau leiki sér ekki að saumavélinni.
- Skiljið saumavélina aldrei eftir í sambandi við rafmagn.
- Takið saumavélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar hætt er að nota hana, og eins þegar verið er að hreinsa hana.
- Slökkvið ávallt á vélinni («0») þegar unnið er nálægt nálar svæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipt er um nál, saumfót eða spólan sett í o.s.frv.
- Notið vélina aldrei ef rafmagnsleiðslurnar eða klærnar á þeim eru skemmdar.
- Gætið þess að fingur verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að fingur verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísir vélarinnar og notið eingöngu fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar.
- Takið vélina ávallt úr sambandi þegar skipta þarf um peru í vélinni. Notið ávallt samskonar gerð af peru og var í vélinni, (volt og wött).






INNIHALD



HLUTIR VÉLARINNAR.....	4
FYLGIHLOTIR	6
HÓLFI FYRIR FYLGIHLOTUNA RENNT Á VÉLINA	7
VÉLIN TENGD VIÐ RAFMAGN.....	8
SKIPT UM PERU.....	9
TVEGGJA ÞREPA FÓTLYFTIR.....	10
STILLING Á FÓTÞRÝSTING.....	10
FÓTHALDAN.....	11
SPÓLAÐ Á SPÓLUNA.....	12
SPÓLAN SETT Í VÉLINA	13
SKIPT UM NÁL (TEGUND 130/705H).....	14
ÞRÆÐING Á YFIRTVINNA	15
UNDIRTVINNA NÁÐ UPP	16
TVINNASPENNAN.....	17
FLYTJARINN TEKINN ÚR OG SETTUR Í SAMBAND	18
AFTURÁBAK SAUMUR	19
SKIPT UM SAUMAÁTT	19
EFNIÐ FJARLÆGT	19
TVINNINN KLIPPTUR.....	19
HVERNIG Á AÐ VELJA SAUMANA.....	20
LÁTA NÁLARGRÓFLEIKA, EFNI OG TVINNA PASSA SAMAN	21
ZIK ZAK SAUMUR	22
BEINN SAUMUR OG NÁLARSTAÐAN	23
OVERLOCK SAUMAR	24
BLINDFÖLDUN	25
HNAPPAGÖT	26
JÖFNUN Á VINSTRI OG HÆGRI SPORÞÉTTLEIKA Í HNAPPAGÖTUM.....	27
RENNILÁSAR OG MIÐSEYMI	28
3-ÞREPA ZIK-ZAK.....	29
VAL Á TEYGJANLEGUM SAUMUM	30
FRÍHENDIS ÍSTOPP	31
ÍSTOPP	32
BÚTASAUMUR.....	33
UMHIRÐA OG VIÐHALD	34
GANGTRUFLANIR OG RÁÐ VIÐ ÞEIM.....	35

HLUTIR VÉLARINNAR

1. Stillir fyrir tvinnaspennu
2. Stillir fyrir fótprýsting
3. Þrjáðgjafi
4. Tvinnahnífur
5. Saumfótur
6. Stingplata
7. Hólf fyrir fylgihluti
8. Stoppari fyrir spólun
9. Stillir fyrir sporlengd
10. Stillir fyrir sporbreidd
11. Skjár fyrir sauma
12. Stillir fyrir afturábaksaum
13. Stillir fyrir flytjara
14. Stillir fyrir hnappagöt




-
- 15. Handfang
 - 16. Spólari
 - 17. Keflispinni
 - 18. Handhjól
 - 19. Hnappur fyrir val á saumum
 - 20. Aðalrofi
 - 21. Tengill fyrir rafmagn
 - 22. Stýring fyrir spóluvinna
 - 23. Stýring fyrir yfirtvinna
 - 24. Fótlyftir
 - 25. Rauf fyrir jöfnun á hnappagatapétteleika




FYLGJHLUTIR


1. Alhliða saumfótur
2. Rennilásafótur
3. Útsaumsfótur
4. Hnappagatafótur
5. Bútaumsfótur
6. Fríhendis ístoppsfótur
7. Blindsaumsfótur
8. L-skrúfjárn
9. Sprettihnífur/bursti
10. Olía
11. Nálar
12. Spólur (3x)
13. Jaðarstýring
14. Filtskífur á keflispinna (2x)




RENNIÐ HÓLFINU FYRIR FYLGHIHLUTINA Á VÉLINA




Haldið hólfinu láréttu og ýtið því að vélinni eins og örin sýnir. (1)



Opnið það eins og örin sýnir. (2)




VÉLIN TENGD VIÐ RAFMAGN



Athugið: Gætið þess ávallt að þegar ekki er verið að nota vélina að slökkt sé á aðalrofanum "0", og að rafleiðslan sé einnig tekin úr sambandi við rafmagn.

- Tengid vélina við rafmagn eins og sýnt er á myndinni (1/2).
- Aðalrofinn er staðsettur fyrir ofan tengilinn á vélinni. Vélina fer ekki í gang nema aðalrofinn sé á "I". (1)
- Ljosið á vélinni kviknar um leið og kveikt er á aðalrofanum "I".
- Til að setja vélina í gang stigið þið á fótmótstöðuna (3). Því fastar sem þið stigið -- þeim mun hraðar saumar vélina.




Athugið: Hafið samband við viðurkenndan rafvirkja eða Husqvarna umboðið ef þið eruð í vafa hvernig tengja á vélina.

Eftirtaldir fótmótstöður eru fyrir þessa vél:



Í USA og Kanada, 110-120V: KD-1902

Í Ástralíu og Evrópu, 220-240V: KD-2902




Fyrir USA og Kanada

Vélar fyrir USA og Kanada eru með sérstaka kló fyrir þá markaði og er ekki sama hvernig hún snýr þegar vélina er tengd við rafmagn.



SKIPT UM PERU





Athugið: Fullvissið ykkur um að vélin sé ekki tengd við rafmagn áður en þið skiptið um peru.

Notið eingöngu samskonar peru og er í vélinni:


10 wött (110-120V)

15 wött (220-240V)

- Losið um sknúfu (A) eins og sýnt er.(1)
- Fjarlægjið lokið (B).
- Fjarlægjið peruna og setjið nýja í perustæðið (C). (2)
- Setjið lokið aftur á og herðið sknúfuna.




TVEGGJA ÞREPA FÓTLYFTIR



Þegar þið þurfið að sauma nokkur lög af þykkum efnum er hægt að lyfta saumfætinum enn hærra og á efra þrep. (A)


ÞRÝSTINGUR Á SAUMFÓTINN




Þrýstingurinn á saumfótinn hefur verið fyrirfram stilltur í verksmiðjunni og þarfnast yfirleitt ekki neinna stillinga fyrir flest efni (þunn eða þykk).

Ef þið hins vegar af einhverjum ástæðum þurfið að breyta þrýstingnum er hægt að breyta honum með því að nota smáþening.

Þegar verið er að sauma mjög þunn efni getið þið losað um þrýstinginn með því að snúa skrufunni rangsælis, en fyrir mjög þykk efni gæti þurft að auka þrýstinginn og þá snúið þið skrufunni réttsælis.




FÓTHALDA FYRIR SAUMFÆTUR



Athugið: Slökkvið á aðalrofanum "0" aður en þið framkvæmið eitthvað af eftirfarandi:

Fóthaldan sett á stöngina:


Setjið nálina í efstu stöðu og lyftið fótlyftinum. Setjið fóthölduna (b) á fótstöngina (a). (1)



Saumfóturinn settur á fóthölduna:

Lækkið fóthölduna (b) þar til raufin (c) er beint fyrir ofan pinnann (d). (2)


Lækkið fóthölduna (b) og þá smellur saumfóturinn (f) sjálfkrafa í hana.



Saumfóturinn fjarlægður:

Lyftið saumfætinum.



Losið um saumfótinn með því að lyfta handfanginu (e) sem er aftan á fóthöldunni. (3)



Jaðarstýringin sett á :

Setjið jaðarstýringuna (g) í raufina á fóthöldunni eins og sýnt er. Stillið hana síðan á þá breidd sem þið viljið hafa hana fyrir falda, samsíða sauma o.s.frv. (4)

SPÓLAÐ Á SPÓLUNA



Setjið tvinnakefli á keflispinnann og hafið filtskífu undir keflinu (a).

Setjið tvinnann síðan réttsælis í forspennuna fyrir spólun (1).


Þræðið spóluna innan frá og út í gegn um gat á henni og setjið hana á spólarann. Ýtið spólunni síðan til hægri í spólustöðu (2)

Haldið í tvinnaendann.


Stigið varlega á fótmótstöðuna til að spóla á spóluna. Þegar spólan er orðin full þá stöðvast spólarinn. Ýtið spólunni til vinstri í “saumastöðu” og fjarlægið spóluna.



Athugið: Þegar spólarinn er í “spólustöðu” snýst vélin sjálf ekki og handhjólið snýst heldur ekki. Til að byrja að sauma verður því að ýta spólaranum aftur til vinstri í “saumastöðu”







SPÓLAN SETT Í VÉLINA




Athugið: Slökkvið á aðalrofanum "0" áður en þið setjið spóluna í vélina.

Þegar þið setjið spóluhúsið í eða takið það úr vélinni, verður nálin alltaf að vera í efstu stöðu.

- Opnið lokið fyrir framan gríparann. (1)
- Haldið á spóluhúsinu með annarri hendinni. Setjið spóluna síðan þannig í spóluhúsið að þegar þið togið í tvinnann þá snúist spólan réttisælis. (sjá ör). (2)
- Togið tvinnann síðan í raufina á spóluhúsinu - niður á við og undir fjöðrina til vinstri þar til hann smellur í úrtakið á fjöðrinni (ferhyrnt op). (3)
- Haldið lokunni á spóluhúsinu opnu. (4)
- Setjið spóluhúsið í gríparann og sleppið lokunni. Fullvissið ykkur um að spóluhúsið sá að fullu í gríparanum og að málmfingurinn sé í raufinni ofan til á gríparanum. (5). Þrýstið á spóluhúsið þar til það smellur á sinn stað.




SKIPT UM NÁL (TEGUND 130/705H)



Athugið: Slökkvið á aðalrofanum “0” áður en þið skiptið um nál.

Skiptið ávallt um nál ef tvinninn slitnar eða ef vélin hleypur yfir. Veljið ávallt rétta tegund af nál og nálargrófleika fyrir það efni sem verið er að sauma. Snúið handhjólínu fram á við þar til nálin er í efstu stöðu. Losið um festiskrúfuna (A) og herðið hana svo vel aftur eftir að þið settuð nýja nál í nálarhölduna. (1)








Flati kanturinn á nálarleggnum á alltaf að snúa aftur eða frá ykkur. (B).

Þrýstið nálinni upp (C) eins langt og hún kemst í nálarhölduna. (D).

Herðið vel á skrúfunni.

Til að ná sem bestum árangri verður nálin alltaf að vera bein og með beittan odd. Skiptið ávallt um nálina (2) ef hún er bogin (A) oddlaus (B) eða skemmd (C).



⚠ Athugið: Slökkvið á aðal-rofanum "0" áður en þið byrjið að þræða.

Setjið nálina í efstu stöðu. Farið síðan nákvæmlega eftir númeruðu leiðinni fyrir þræðinguna, sem lýst er hér að neðan. Ef þið sleppið einhverri þræðingu eða stýringu eða setjið tvinnann ekki rétt í þær, þá saumar vélin ekki rétt. (1-5)

1. Setjið tvinnakefli á pinnann og hafið filtskífu undir.

2. Takið tvinnann til vinstri og setjið hann fyrir aftan fyrstu tvinnastýringuna.

3. Þræðið tvinnann niður hægri raufina á vélinni - undir stýringuna neðst og svo upp vinstri raufina.


4. Leggið tvinnann síðan

hægra megin frá í þráðgjafann og niður vinstri raufina.

5. Rennið tvinnann í tvinnastýringuna fyrir ofan nálina.


6. Þræðið nálina framan frá. Látið ca. 10cm af tvinna vera aftur úr nálinni. (6)

Leggið tvinnann undir og aftur undan saumfætinum og þáðan upp í tvinnahnífinn á loki vélarinnar.




a. Filt fyrir kefli

1




UNDIRTVINNANUM NÁÐ UPP




Haldið í yfirtvinnann með vinstri hendinni. Snúið handhjólinu fram á við með hægri hendinni þar til nálin hefur farið niður og kemur upp aftur í efstu stöðu. (1)


- Togið aðeins í yfirtvinnann til að ná undirtvinnanum upp. Yfirtvinninn ætti nú að hafa náð í undirtvinnann.
- Togið varlega í yfirtvinnann og þá ætti undirtvinninn að liggja á honum í lykkju. (2)



Togið u.þ.b. 15cm af undirtvinna og leggið báða tvinnaendana aftur undan saumfætinum.



RÉTT TVINNASTILLING (SPORSTILLING)




Efri tvinnastillingin


Venjulegasta stillingin ætti að vera á móts við "4".

Til að herða á spennunni snúið þið stillinum á hærri tölu.


Til að minnka spennuna snúið þið stillinum á lægri tölu.



- A. Rétt sporstilling - efri og neðri tvinni mætast á milli efna eða í miðju efni.
- B. Tvinnaspennan of laus - efri tvinninn kemur niður á rönguna.
- C. Tvinnaspennan of föst - spólutvinninn kemur upp á réttuna.



FLYTJARINN TEKINN ÚR SAMBANDI EÐA SETTUR Í SAMBAND




Flytjarinn er alltaf hafður í sambandi fyrir alla venjulega sauma. En það þarf að taka flytjarann úr sambandi þegar verið er að stoppa í fríhendis og festa tölur á flíkur.


1. Fjarlægjið hólfið fyrir fylgihlutina.
2. Færið stillinn fyrir flytjarann á (b) ▼ til að taka flytjarann úr sambandi.

Til að setja flytjarann aftur í samband færið þið stillinn á (a) ▲.

Flytjarinn kemur þá aftur í samband þegar þið byrjið að sauma.




AFTURÁBAK SAUMUR




Afturábaksaumur er notaður til að hefta fyrir lok á saum, og einnig þar sem styrkinga er þörf. Við lok saums ýtið þið niður á handfangið fyrir afturábaksauminn og saumið nokkur spor afturábak. Um leið og þið sleppið handfanginu saumar vélina áfram á ný. (A).

BREYTT UM SAUMAÁTT




1. Stöðvið vélina á þeim stað sem þið viljið breyta um saumaátt og látið nálina vera ofan í efninu.
2. Lyftið saumfætinum og snúið efninu og notið nálina sem snúningspunkt.
3. Setjið saumfótinn niður á ný og haldið áfram að sauma.

EFNIÐ TEKIÐ ÚR VÉLINNI




Snúið handhjólina fram á við og setjið nálina og þráðgjafann í efstu stöðu. Lyftið saumfætinum og togið efnið aftur undan saumfætinum.

TVINNINN KLIPPTUR



Haldið í tvinnana fyrir aftan saumfótinn. Notið báðar hendur og látið tvinnana fara í rauf sem er á fótstönginni og togið síðan niður á við beggja megin við fótstöngina til að skera á tvinnana. Einnig er hægt að nota tvinnahnífinn sem er neðst á lokinu á vélinni (B).

HVERNIG VELJA Á SAUM



1. Stillir fyrir sporbreidd
2. Stillir fyrir sporlengd
3. Skjár sem sýnir saum
4. Stillir fyrir sauma
5. Handfang fyrir afturábak saum

Fyrir beint spor veljið þið saum “A” með hnappnum fyrir saumana (4). Stillið sporlengdina með stillir (2). Þið getið valið um hvaða nálarstöðu sem er með því að nota stillinn fyrir sporbreiddina (1).

Fyrir zik zak saum veljið þið saum “B” á stillir fyrir saumana (4). Stillið sporlengdina með stillir (2) og sporbreiddina á zik zak sporinu með stilli (1) í samræmi við það efni sem þið eruð að sauma.

Til að velja saumana sem eru sýndir í vinstri saumaröðinni þá veljið þið bókstafinn sem er fyrir neðan viðkomandi saum. Stillið síðan sporlengdina og sporbreiddina eftir því sem hentar í hverju tilfelli.

Til að velja saumana sem eru sýndir í hægri saumaröðinni þá stillið þið fyrst sporlengdarstillinn á “S” og veljið síðan viðeigandi mynstur. Síðan getið þið valið þá saumbreidd sem þið viljið nota.

RÉTT NÁL Á MÓTI VIÐEIGANDI EFNI OG TVINNA

Nál, efni, tvinni


NÁLAR NR.	EFNI	TVINNI
65-75	Þunn efni - þunn baðmullarefni, kjóla-efni, silki, þunnt þrjón, tricot, krep, ofin polyesterefni, skyrtu og blússuefni.	Finn baðmullartvinni, nylon eða polyester
80	Meðalþykk baðmullarefni, satin,tvöfalt þrjón, þunnt peysuefni.	Flestir tvinnar sem fást eru af meðal-grófleika og henta fyrir þessi efni og nálargrófleika. Notið polyester tvinna á gerviefni en baðmullartvinna á náttúruleg efni til að ná sem bestum árangri. Notið ávallt samskonar tvinna að ofan og að neðan.
90	Meðalþykk baðmullarefni, þykkara þrjón, frotté efni, gallabuxnaefni	
100	Grófari efni, tjalddúkur, bútasaumsefni, gallabuxnaefni, bólsturefni (þunn til meðalþykk)	
110	Gróf ullarefni, frakka og kápuefni leður og gervileður.	Grófur tvinni, (Notið e.t.v. meiri þrýsting á saumfóttinn á þessi efni.).

Áriðandi: Veljið nálina í samræmi við grófleika á tvinna og gerð efnis.

NÁLAR	LÝSING	GERÐ AF EFNI
HA×1 15×1	Venjuleg oddhvöss nál. Fæst í grófleikum 65 og allt að 110	Náttúruleg ofin efni - ul, baðmull, silki, o.s.frv. Hentar ekki á þrjón..
15×1/705H (SIN)	Hálfgerður kúluoddur, með skoru. 65 og að 110	Ofin náttúruleg og blönduð gerviefni. Þrjón, interlock, trikot, einfalt og tvöfalt þrjón. Er einnig hægt að nota í stað nála 15×1 fyrir öll venjuleg efni.
15×1/705HS (SUK)	Nál með kúluoddi 65 og að 110	Fyrir þrjónuð efni lycra, sundfatnað og önnur teygjanleg efni.
130 PCL	Leður nálar 80 og að110	Leður, gervileður, bólsturefni. (gerir minni gót en venjuleg gróf nál).

Ath:

1. Tvíburanálar eru fánlegar fyrir sauma og skrautsauma.
2. Þegar saumað er með tvíburanál má sporbreiddarstillirinn aldrei fara á hærri tölu en “2.5”.
3. Nálargrófleiði í Evrópu er gefinn upp sem 65, 70, 80 o.s.frv. (90 er 0.9mm) en í Bandaríkjunum og Japan eru notaðar stærðirnar 9, 11, 12 o.s.frv.
4. Skiptið oft um nálar (eftir aðra hvora flik) og þegar tvinninn fer að slitna oft hjá ykkur eða vélin að hlaupa yfir spor.




Snúið stílinum fyrir sauma á “B”.

Sporbreiddin

Hámarks breidd á zik zak saum er “5”; en samt er hægt að mjökka breiddina á öllum saumunum. Sporið verður breiðara eftir því sem þið færið hnappinn frá “0” - “5”. Þegar þið saumið með tvíburanálum má þó aldrei sauma á breiðari stillingu en “2.5”. (1)

Sporlengdin stillt á zik zak saumum

Þéttleikinn á zik zak sporunum verður meiri eftir því sem þið nálgist “0”. Flestir zik zak saumar eru saumaðir á sporlengd 2,5 eða neðar.





Flatsaumur


Þegar sporlengdin er stillt á svæðinu á milli “0” - “1”, liggja sporin mjög þétt saman og er þá talað um “flatsaum” (satin saum), sem er notaður fyrir hnappagöt og skrautsauma.

Saumað á þunn efni

Þegar þið saumið út á mjög þunn efni er mælt með því að nota undirleggsefni á röngunni.



BEINT SPOR OG NÁLARSTÖÐUR Í SAUMFÆTINUM




Snúið valhnappnum þannig að skjárinn sýni beina sporið (A).


Almennt talað þá á sporið að verða lengra eftir því sem efnin, tvinninn og nálin eru grófari.

Veljið nálarstöðuna, þ.e.a.s. hvort nálin eigi að vera í miðjum fætinum, vinstra eða hægra megin, en það gerið þið með því að stilla sporbreiddarstillinn (1) frá "0" til "5".

1. Stillir fyrir sporbreidd
2. Stillir fyrir sporlengd
3. Skjár fyrir sauma
4. Stillir fyrir saumaval
5. Handfang fyrir afturábak saum




OVERLOCK SAUMAR



Saumar, kastar jaðar, - sýnilegir faldar

Stillið sporlengdarstillinn á "3" eða "S".

Sporbreiddina getið þið stillt eftir gerð efnisins.



Tvöfalt overlockspor:

Stillið sporlengdarstillinn á S.

Fyrir fínt prjón, handprjón og sauma. (1)

Venjulegt overlock:

Stillið sporlengdarstillinn á S.

Fyrir fínt prjón, jersey, hálsmál og stroff. (2)


Teygjanlegt overlock:

Stillið sporlengdarstillinn á S.


Fyrir fínt prjón, jersey, hálsmál og stroff. (3)

Allir overlock saumar henta til að sauma saman og ganga frá jöðrunum í einum saum.


Þegar þið notið overlocksauma á nálin einnig að fara rétt út fyrir jaðar efnisins.



Atthugið: Notið nýja nál eða nál með kúluodd (*ball point*) eða nálar fyrir teygjanleg efni (*stretch nálar*).



BLINDFÖLDUN




Fyrir falda á gardínur, buxur, pils o.s.frv.



..... Blindfaldur fyrir ofin efni. Staða "C" á valhnappnum

..... Blindfaldur fyrir teygjanleg efni. Staða "D" á valhnappnum.

Stillið vélina eins og sýnt er.





Ath: Það þarf dálitla æfingu til að sauma blindfalda. Saumið ávallt þrúfusaum á afgangsefni.







Brjótið efnið eins og sýnt er og látið rönguna snúa upp. (1)

Setjið efnið undir saumfótinn. Snúið handhjólinu fram á við með hendinni þar til nálin sveiflast yfir til vinstri. Hún á þá aðeins að stinga rétt aðeins í brotlínuna á faldinum. Ef hún gerir það ekki þá stillið þið sporbreiddina í samræmi við sveifluna á nálinni. (2) Stillið einnig stýringuna (3) á fætinum með því að snúa skréfunni (4) þannig að stýringin rétt snerti faldinn. Saumið hægt og látið brotlínuna renna meðfram stýringunni.

- a. Sporbreidd
- b. Sporlengd
- c. Saumfótur
- d. Saumarnir



HNAPPAGAT Í EINUM SAUM



Það er auðvelt að sauma hnappagöt og ná góðum árangri. Saumið samt ávallt prufuhnappagat áður en þið saumið á flíkina sjálfa.



Hnappagat saumað

1. Notið fatakrit og merkið fyrir staðsetningu gatsins á efnið.
2. Setjið hnappagatafótinn á vélina og stillið valhnappinn á . Stillið sporlengdarstillinn á . Stillið á heppilega sporbreidd: 3 fyrir mjó hnappagöt en 5 fyrir breiðari hnappagöt.
3. Lækkið saumfótinn og stillið merkin á fætinum á móts við merkin á efninu (A). (Fremri heftingin er saumuð fyrst.)
4. Opnið plötuna fyrir töluna og setjið hana á sinn stað (B).
5. Lækkið handfangið fyrir hnappagatið og ýtið aðeins á það afturá við (C).
6. Haldið lauslega í yfirtvinnann og byrjið að sauma.
7. Hnappagöt eru saumuð í þeirri röð sem sýnd er hér á teikningunni (D).
8. Stöðvið vélina þegar hún er búin með hnappagatið.

Hnappagöt á teygjanleg efni (E)


Þegar hnappagöt eru saumuð á teygjanleg efni, þá verður að setja grófan þráð eða mjóa snúru undir leggina í hnappagatinu. Vélina saumar þá flatsauminn yfir þráðinn.

1. Merkið fyrir hnappagatinu á efnið með fatakrit, setjið hnappagatafótinn á vélina og stillið valhnappinn á . Stillið sporlengdarstillinn á .



2. Krækið grófa þræðinum á krókinn aftan á hnappagatafætinum, og látið þræðina síðan liggja fram undan fætinum og smeygið þeim í raufarnar og hnýtið endana til bráðabirgða.
3. Lækkið saumfótinn og byrjið að sauma.
* Stillið saumbreiddina í samræmi við grófleika á undirleggspráðunum.
4. Þegar búið er að sauma hnappagatið togið þá lauslega í undirleggsþræðina til að strekkja á þeim og klippið afganginn.

JÖFNUN Á SPORÞÉTTLEIKA Í VINSTRI OG HÆGRI LEGG




Hægt er að jafna sporþéttleikann í vinstri og hægri legg hnappagatsins með stillinum sem er rétt hjá handhjóli vélarinnar.

Þessi stillir á venjulega að vera í venjulegri stöðu (á milli + og -).


Ef sporin í vinstri leggnum liggja of þétt saman þá snúið þið stillinum til vinstri (+). Með því að snúa honum til vinstri þá verða zik zak sporin í vinstri leggnum gisnari.

Ef sporin í vinstri leggnum eru of gisin þá snúið þið stillinum til hægri (-). Með því að snúa honum til hægri þá verða zik zak sporin í vinstri leggnum þéttari (nær hvert öðru).


Sporin sem eru í hægri leggnum eru stillt með því að nota stillinn fyrir sporlengdina.



RENILÁSAR OG MIÐSEYMI




Stillið vélina eins og sýnt er. Valhnappur fyrir sauma á "A".
Stillið sporlengdina á svæði á milli "1" - "4" (eftir þykkt efnisins).





Rennilásafætinum er hægt að smella vinstra eða hægra megin á fóthölduna, eftir því hvora hliðina á lásnum verið er að sauma. (1)


Til að sauma framhjá lásnum sjálfum látið þið nálina standa ofan í efninu, lyftið saumfætinum og ýtið lásnum sjálfum aftur fyrir saumfótinn. Setjið fótinn síðan aftur niður og haldið áfram að sauma.



Með þessum fæti er einnig hægt að sauma snúru inn í mjóa skáskorna efnisrenninga og búa til miðseymi (2).



1



2

3-ÞREPA ZIK ZAK




Hentar vel til að sauma blúndur og teygjur við efni, ístopp, sauma bætur og til að styrkja jaðra.


Stillið vélina eins og sýnt er. Valhnappur fyrir sauma á "E".

Sporbreidd 3-5

Setjið bótina yfir skemmda svæðið. Þið getið minnkað sporlengdina til að þetta sporin. (1)




Þegar þið gerið við rifur er gott að leggja afgangsefni undir sauminn á röngunni til styrkingar. Þið getið valið sporlengdina með sporlengdarstillinum. Saumið fyrst eftir miðri rifunni og síðan sitt hvoru megin og látið sporin fara inn á fyrri sauminn. Allt eftir efni og skemmd er gott að sauma 3 til 5 raðir af þessum saum hlið við hlið. (2)



Sauma teygjur


1. Staðsetjið teygjuna á efnið.
2. Um leið og þið saumið teygjuna tugið þið lauslega í hana bæði fyrir framan og aftan saumfótinn eins og sýnt er á myndinni (3)



Efni tengd saman


Þetta spor hentar einnig vel til að sauma efni saman jaðar við jaðar. Ef glær tvinni er notaður sést saumurinn varla.

1. Staðsetjið jaðrana þannig undir saumfótinn að jaðarnir mætist undir miðjum saumfætinum.
2. Saumið efnin saman með 3ja þrepa zik zak sporinu og gætið þess að jaðarnir liggi þétt hvor að öðrum (4)




1

2





3



4

TEYGJANLEGIR SAUMAR



Prefalt beint spor: (1/3)


Valnappur fyrir sauma á "A".

Fyrir sauma sem mikið reynir á.

Stillið spolengdarstillinn á "S".

Vélin saumar tvö spor áfram og eitt afturábak.

Þetta spor myndar þrefaldan styrkleika.



Prefalt zik zak: (2/4)


Valnappur fyrir sauma á "B".

Fyrir styrkta sauma, falda og til skrauts.


Stillið spolengdarstillinn á "S".

Stillið sporbreiddina á milli "3" og "5".


Prefalt zik zak hentar vel t.d. á gallabuxnaefni, og önnur slík ofin og föst efni.




1



2




3



4

FRÍHENDIS ÍSTOPP



Stillið vélina eins og sýnt er.





Færið stillinn fyrir flytjarann til hægri til að taka flytjarann úr sambandi. (1)

Fjarlægjið fóthölduna. (2)


Setjið stoppfótinn á fótstöngina. Armurinn (A) á fætinum verður að vera fyrir aftan nálarskrúfuna á nálárhöldunni (B). Þrýstið fætinum aftan frá á fótstöngina, haldið honum með vísifingri og herðið skrúfuna (C). (3)

Saumið fyrst í kring um gatið (til að styrkja jaðrana við gatið). (4)
Fyrsta umferð: saumið alltaf frá vinstri til hægri. Snúið efninu síðan um 1/4 og saumið þversum á fyrri sporin.

Við mælum með því að spenna svona skemmdir í stoppramma til að ná betri árangri.







2




3

4


ÍSTOPP



- Snúið sporlengdarstilli á þá lengd sem þið viljið nota.
- Snúið valhnapp fyrir sauma á beint spor með nálarstöðu í miðju.
- Staðsetjið staðinn sem á að gera við undir saumfótinn og setjið undirlegg undir svæðið.
- Lækkið saumfótinn og saumið síðan fram og til baka með því að nota handfangið fyrir afturábak saum.
- Endurtakið þetta þar til svæðið sem þarf að gera við er fyllt með beinum sporum.




BÚTASAUMUR








Stillið valhnappinn fyrir sauma eins og sýnt er.

Setjið jaðarstýringuna á fóthölduna og stillið hana á hentuga breidd.



Færið efnið síðan til eftir fyrsta saum og saumið annan saum við hlið hins fyrri og látið stýringuna renna eftir fyrri saumnum.





Athugið: Gætið þess ávallt að vélin sé ekki tengd við rafmagn og að aðalrofinn sé á "0" áður en þið farið að hreinsa eða yfirfara vélina.

Fjarlægið stingplötuna:


Snúið handhjólinu þar til nálin er í efstu stöðu. Opnið lokið fyrir framan gríparann og losið skrúfurnar sem halda stingplötunni með vinkilskrúfjárninu (1)

Hreinsið flytjarann:


Fjarlægið spóluhúsið og notið burstann til að hreinsa allt svæðið.(2) Hreinsið líka á milli flytjaratannanna.

Hreinsið og smyrjið gríparann:

Fjarlægið spóluhúsið. Smellið örmunum (a) til hliðar en þeir halda gríparanum. Fjarlægið lokið yfir gríparanum (b) og gríparann sjálfan (c) og hreinsið svæðið með mjúkum klút. Smyrjið þau svæði sem eru merkt (d) og notið aðeins 1-2 dropa af góðri saumavélaolíu. Snúið handhjólinu þar til gríparadrifið (e) er í vinstri stöðu. Setjið gríparann (c) aftur í. Setjið lokið (b) aftur framan á svæðið og smellið örmunum (a) aftur á sinn stað. Setjið spóluhúsið og spóluna aftur í gríparann og skrúfið stingplötuna á sinn stað.



Áriðandi: Það þarf að hreinsa ló og tvinnaenda reglulega. Einnig ættu þið að láta umboðið fara yfir vélina með reglulegu milibili.



GANGTRUFLANIR OG RÁÐ VIÐ ÞEIM

Vandamál	Orsök	Lausn
Efri tvinninn slitnar	1.Vélin er ekki þrædd rétt 2.Tvinnaspennan er of stíf 3.Tvinninn er of grófur fyrir nálina 4.Nálin er ekki sett rétt í vélina 5.Tvinninn hefur flækst á keflispinnanum 6.Nálin er skemmd	1.Þræðið vélina á ný 2.Lækkið tvinnaspennuna (á lægri tölu) 3.Veljið grófari nál 4.Fjarlægið nálina og setjið hana rétt í nálar-hölduna (með flata kantinn aftur) 5.Lyftið keflinu og lagfærið 6.Skiptið um nál
Undirtvinninn slitnar	1.Spóluhúsið er ekki rétt í gríparanum 2.Spóluhúsið er ekki rétt þrætt. 3.Neðri tvinnaspennan er of föst	1.Fjarlægið og setjið spóluhúsið aftur í gríparann og tugið í tvinnann. Það á svo til engin fyrirstaða að vera fyrir hendi. 2.Athugið bæði spóluna og spóluhúsið 3.Losið á tvinnaspennunni á fjöðrinni
Vélin hleypur yfir	1.Nálin er ekki rétt í vélinni 2.Nálin er skemmd 3.Ekki réttur grófleiki af nál 4.Saumfóturinn er ekki réttur á vélinni	1.Athugið (flati kanturinn á að snúa aftur) 2.Setjið nýja nál í vélina 3.Veljið nál sem hentar efninu og tvinnanum 4.Athugið og lagfærið
Nálin brotnar	1.Nálin er skemmd 2.Nálin er ekki rétt sett í hölduna 3.Ekki réttur grófleiki af nál fyrir efnið 4.Rangur saumfótur á fóthöldunni	1.Setjið nýja nál í hölduna 2.Setjið nálinu rétt í (flati kanturinn á að snúa aftur) 3.Veljið nál sem hentar efninu og tvinnanum 4.Veljið réttan saumfót
Laus og ljót spor	1.Vélin er ekki rétt þrædd 2.Spóluhúsið er ekki rétt þrætt 3.Sambland nálar/tvinna og efnis er ekki rétt 4.Tvinnaspennan ekki rétt stillt	1.Yfirfarið þræðinguna 2.Þræðið spóluhúsið rétt eins og sýnt er 3.Grófleiki nálar verður að henta tvinnanum og efninu 4.Farið yfir tvinnaspennuna
Saumurinn rykkist eða gúlpar	1.Nálin er of gróf fyrir efnið 2.Sporlengdin er ekki rétt stillt 3.Tvinnaspennan er of stíf	1.Notið finni nál 2.Styttið sporlengdina 3.Losið á tvinnaspennunni
Ójöfn spor og ójafn flutningur	1.Léleg gæði tvinna 2.Spóluhúsið er ekki rétt þrætt 3.Togað er í efnið	1.Notið aðeins gæðatvinna 2.Fjarlægið spóluhúsið og þræðið það á ný og setjið það rétt í gríparann 3.Togið aldrei í efnið þegar þið saumið. Látið vélina um að flytja það.
Vélin er hávær	1.Það þarf að smyrja vélina 2.Ló eða olía hefur safnast í gríparann eða nálstöngina 3.Léleg olía hefur verið notuð 4.Nálin er skemmd	1.Smyrjið vélina samkvæmt leiðbeiningunum 2.Hreinsið gríparann og flytjarann eins og lýst er í leiðbeiningunum 3.Notið eingöngu góða saumavélaolíu 4.Skiptið um nál
Vélin er föst	Tvinni hefur flækst í gríparann	Fjarlægið yfirtvinnann og spóluhúsið. Snúðið handhjólina snögg fram og til baka til að losa um tvinnaendana. Smyrjið vélina eins og lýst er í leiðarvísunum

Hugbúnaðareign

VIKING eru vörumerki KSIN Luxembourg II, S.ar.l.

HUSQVARNA og “merkið H með kórónu” eru vörumerki Husqvarna AB.

Öll vörumerkin eru notuð samkvæmt leyfi af VSM Group AB.

